

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendi – milli vatns og vegar. Gilsbakki 1 (áður Vatnsendablettur – Gilsbakki). Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda – milli vatns og vegar fyrir lóðina nr. 1 við Gilsbakka.

Í breytingunni felst að komið verður fyrir nýjum byggingarreit fyrir stakstætt aukahús 16,5 x 8,35 m að stærð á norðvesturhluta lóðarinnar, alls 107 m². Á lóðinni er fyrir einbýlishús 175,7 m² að flatarmáli og vinnuskúr. Vinnuskúrin verður fjarlægður.

Byggingarmagn á lóðinni er 175,5 m², en verður 282,4 m². Nýtingarhlutfall er 0,07, en verður 0,11.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 26. júlí 2023.

Smári Smáráson aðstoðarskipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. ágúst 2023